



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 136/302  
komudagur 4.12.2008

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Brynhildur Pálmadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember, 2008

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi**

**I. Almenn**

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 27. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

FÍS vill taka það fram í upphafi að félagið telur eftirlit með fjármálastarfsemi vera hornstein heilbrigðs fjármálastarfs og grundvallar atriði við endurreisn þess eftir ófarir síðustu mánaða. Félagið fagnar einnig þeirri endurskoðun sem gerð hefur verið á rekstraráætlun FME.

Félagið vill engu að síður vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem það telur að verðskuldi nánari athugun.

**II. Eftirlitsgjald með Kaupþing banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf.**

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsgjald verði lagt á Kaupþing banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Þetta telur FÍS vera varhugavert. Grundvallast það í aðalatriðum á þrenns konar sjónarmiðum.

Í fyrsta lagi telur félagið ekki forsvaranlegt að leggja gjöld á umrædda lögaðila sem eru einungis til þess fallin að skerða lögvarin rétt þeirra kröfuhafa sem tilkall eiga við skipti þeirra.

Í öðru lagi telur félagið að vafasamt sé hvort að umræddir lögaðilar séu í eftirlitsskyldri starfsemi. Staða, starfsemi, féлагаform og eignarhald umræddra lögaðila er að miklu leyti í lagalegu tómarúmi. Það er því allsendis óljóst innan hvaða gjalddökuheimilda 5. gr. laga nr. 99/1999 þessir aðilar falla.



– fyrir íslenska verslun

Í þriðja lagi vili FÍS benda á að skv. lögum nr. 125/2008 (neyðalögum) er starfsemi umræddra aðila að verulegu leyti í höndum FME. Umrætt eftirlit hefði FME því með eigin störfum. Slíkt er mjög óheppilegt og í ósamræmi við ríkjandi hugmyndir um nútíma stjórnsýslu. FÍS telur því engar forsendur fyrir því að FME fari með eftirlit með sjálfu sér. Því síður að slíkt eftirlit verði á kostnað kröfuhafa.

### III. Hlutfallstala eftirlitsgjalds

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skulu, skv. 1. gr. laga nr. 99/1999, standa straum af kostnaði við rekstur FME. Sá kostnaður hefur á undanförunum árum farið ört vaxandi. Nú er hins vegar svo komið að innlend fjármálastarfsemi er aðeins brot af því sem hún var áður. FÍS telur þessa þróun leiða það af sér að FME beri að draga saman segl sín í hlutfalli við þá þróun sem er að verða á innlendum fjármálamarkaði. Slíkt leiðir af sér lægri kostnað við rekstur FME og í samræmi við áður nefnt ákvæði 1. gr. laga nr. 99/1999 ættu gjöld að lækka í samræmi við það.

Lagt er til í umræddu frumvarpi að hlutfallstala eftirlitsgjalds verði 0,00697%. FÍS telur að löggjafinn eigi að hafa það að leiðarljósi við endurreisn íslensk fjármálakerfis að létta róður þeirra aðila sem starfa innan þess. Með það fyrir sjónum leggur FÍS það til að öll gjaldtaka eigi að vera í lágmarki. Þá eigi gjaldtakan að taka mið af því hvert hlutverk FME ætti að vera í ljósi þess nýja veruleika sem við blasir. Engar forsendur eru fyrir því að viðhalda kostnaði FME í óbreyttu ástandi frá því sem var fyrir hrun bankakerfisins. Umrætt eftirlitsgjald ætti á þeim forsendum að vera töluvert lægra en áður var.

Vert er að geta þess að sá kostnaður sem verður við starfsemi FME vegna þess hlutverks sem stofnuninni er ætlað í lögum nr. 125/2008 (neyðalögum) á ekki að falla á eftirlitsskylda aðila sbr. m.a. 5. gr. þeirra laga. Það er því mikilvægt að umrædd gjaldtaka renni ekki í að fjármagna þau verkefni.

### IV. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Með kærri kveðju,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna  
Netfang: [pall@fis.is](mailto:pall@fis.is)